

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 21. janúar 2021 eftirfarandi:

Mariugata 5-7, breyting á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts.

Tillagan gerir ráð fyrir að lóðinni og byggingarreit verði skipt í tvennt. Um er að ræða húsagerð F6, alls 34 íbúðir í gildandi deiliskipulagi. Að íbúðum verði fjölgað um 8 íbúðir á hvorri lóð eftir skiptingu. Íbúðum fjölgar því alls úr 34 í 42. Að inndreginn byggingarreitur þakhæðar breytist. Í stað kröfu um inndregna þakhæð um 1,5 m frá undirliggjandi hæð er gerð krafa um að þakhæð sé inndregin um 5 metra frá undirliggjandi hæð á göflum. Heimilt verði að telja svalir til uppbrots sé að lágmarki önnur skammhlið klædd með samfelldum lokuðum fleti með málm- eða viðarklæðningu. Að byggingarreitir bílgeymslu eru sameinaðir og verða eftir breytingu á lóð Mariugötu 7.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 18. mars 2021 eftirfarandi:

Nýtt deiliskipulag Urriðaholts, norðurhluti 4.

Tillagan nær til svæðis fyrir nýja íbúðarbyggð með 182 íbúðum norðan við Urriðaholtsstræti og jafnframt er innan deiliskipulagssvæðisins fjölbýlishús sem hefur verið reist með 36 íbúðum, alls 218 íbúðir. Innan deiliskipulagsins er einnig gert ráð fyrir lóðum fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, um 48.000 m². Hæðir húsa á skipulagssvæðinu verða á bilinu 4-6, einnig er gert ráð fyrir útivistarsvæði næst Flóttamannavegi.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Urriðaholts, 1. áfanga, Viðskiptastræti, sem samþykkt var 2. október 2008 með síðari breytingum. Jafnframt hafa verið gerðar breytingar á aðliggjandi deiliskipulagsáætlunum til samræmis við afmörkun umrædds deiliskipulags.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 11. maí 2021.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. maí 2021